

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

***Alþingi
Erindi nr. P 140/2563
komudagur 21.5.2012***

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála og lögum um fjármálafyrirtæki (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar) 716. mál.

Umboðsmaður skuldara hefur móttakið erindi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis dags. 9. maí 2012 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið telur fyrirhugaðar breytingar sem ákvæði frumvarpsins fela í sér almennt til bóta. Vegna réttaróvissu í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar sl. og í ljósi þess að ekki liggur fyrir hvenær leiðréttingar í kjölfar dómsins munu eiga sér stað, þykir rétt að málshöfðunarfræstur til innheimtu skaðabóta í lögum um nauðungarsölu og lögum um aðför verði lengdur. Jafnframt er enn verið að reyna á það fyrir dómstólum hvort ákveðnar tegundir lánasamninga feli í sér ólögmæta gengistryggingu eða hvort um sé að ræða lögleg erlend lán. Því getur komið til þess að fordæmisgefandi áhrif sem áðurgengnir dómur Hæstaréttar bera með sér muni eiga við um fleiri lánasamninga en þá sem fjármálafyrirtækin hafa að svo stöddu fallist á. Því er mikilvægt að málshöfðunarfræsturinn sé rúmur svo lántakar glati ekki rétti sínum til skaðabóta hafi nauðungarsala eða aðför ekki farið fram með lögmætum hætti og geti sætt ógildingu.


Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við lög um meðferð einkamála bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem mæli fyrir um að skuldarar, sem séu einstaklingar, fái gjafsókn vegna dómsmála sem höfðuð verða í kjölfar samstarfs fjármálafyrirtækja á grundvelli 5. gr. í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 9 mars 2012, nr. 4/2012. Á grundvelli þess samstarfsvettvangs sem heimilaður var með framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og umboðsmaður skuldara hefur aðgang að hefur ríkt samstaða um að málarekstur í þessum málum verði lántökum að kostnaðarlausu. Það er umfjöllunarvert hvort æskilegt sé að ríkið standi straum af þessum kostnaði með gjafsókn eða hvort heppilegra sé að þau fjármálafyrirtæki og Drómi hf. sem veitt hafa ólögmæt gengistryggð lán beri þennan kostnað. Í vinnslu hefur verið sérstakur samningur milli annars vegar fjármálafyrirtækja og Dróma hf. og hins vegar umboðsmanns skuldara um greiðslu á lögmánskostnaði lántaka vegna málareksturs á afmörkuðum dómsmálum sem höfðuð verða á grundvelli ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Sá samningur hefur það að markmiði að umboðsmaður skuldara greiði fyrir lögmánskostnað lántaka, sem eru einstaklingar, í ákveðnum afmörkuðu málum sem höfðuð verða á grundvelli ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins. Á grundvelli samningsins komi umboðsmaður skuldara svo til með að krefja fjármálafyrirtækin og Dróma hf. um útlagðan kostnað í réttum hlutföllum. Gert var ráð fyrir því að hlutföllin tækju mið af stöðu útlánasafns gengistryggðra lána fyrirtækjanna sem fram koma í ársreikningum ársins 2011.

Það liggur hins vegar fyrir að sé vilji fyrir því að tryggja rétt lántaka með lagaboði og rýmka þannig gjafsóknarheimildina svo hún taki til þeirra lántaka sem verða aðilar að málarekstri á

grundvelli ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins, verður að hraða frumvarpinu í gegnum þingið eins fljótt og mögulegt er. Í gangi er vinna við að velja þessi afmörkuðu mál eins fljótt og hægt er svo unnt sé að þingfesta málin sem allra fyrst. Af þeim sökum þykir brýnt að það liggi fyrir sem allra fyrst með hvaða hætti málarekstur lántaka verði fjármagnaður. Jafnframt er mikilvægt að í lagatextanum verði afmarkað með skýrum hætti að gjafsóknin taki einungis til þeirra lántaka sem verða aðilar að þeim dómsmálum sem valin verða á grundvelli samstarfsins og samstaða er um að höfða.

Virðingarfyllst,

f.h. embættis umboðsmanns skuldara



Hjörleifur Gíslason